



EFNI:

Biðlisti eftir völdum aðgerðum í febrúar 2014 bls. 1

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

BIÐLISTI EFTIR VÖLDUM AÐGERÐUM Í FEBRÚAR 2014

Frá árinu 2007 hefur Embætti landlæknis kallað inn biðlistaupplýsingar þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Gagnasöfnunin er hluti af lögbundnu eftirlitshlutverki landlæknis, sbr. [lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007](#).


Upplýsingar um biðlista eftir völdum skurðaðgerðum eru birtar reglulega með ítarlegum skýringum á heimasíðu embættisins. Eingöngu eru birtar upplýsingar um fjölda þeirra sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir aðgerð. Við túlkun biðlista ber að hafa eftirfarandi í huga:

- Biðlistar geta verið mismunandi eftir árstímum, t.d. vegna sumarleyfa starfsmanna. Við samanburð er því rétt að líta einnig til fjölda á biðlista á sama tíma fyrir ára.
- Sjúklingar geta þurft að bíða mislengi eftir því á hvaða heilbrigðisstofnun og/eða hjá hvaða lækni þeir eru skráðir.

- Mikill fjöldi á biðlista jafngildir ekki alltaf langri bið; líta þarf til fjölda framkvæmdra aðgerða á tímabilinu.
- Sjúklingar geta sjálfir frestað aðgerð í samráði við lækni sinn, en þannig lengist biðtíminn.

Staðan á biðlistum í febrúar 2014 liggur nú fyrir. Áfram er fjöldi einstaklinga sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir aðgerð áberandi mestur fyrir **skurðaðgerð á augasteini**. Einstaklingum sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir **gerviliðaaðgerð á mjöðm** heldur einnig áfram að fjölga og hefur fjöldi á biðlista sjaldan verið meiri. Einstaklingum sem hafa þurft að bíða lengur en þrjá mánuði eftir **hjarta- og/eða kransæðamyndatöku** (kransæðavíkkunar meðtaldar) hefur fækkað nokkuð frá því í október sl. Þeim hefur hins vegar fjölgað frá sama tíma fyrir ári.

Mynd 1 sýnir hlutfall þeirra sem eru á bið- og vinnulista og hafa beðið lengur en þrjá mánuði eftir tilteknum aðgerðum. Miðað við stöðuna í



Mynd 1. Hlutfall einstaklinga sem hafa beðið lengur en 3 mánuði eftir völdum aðgerðum í október 2013 og febrúar 2014

október sl. hefur hlutfall þeirra lækkað sem bíða eftir gerviliðaaðgerð á hné og mjöðm, aðgerð vegna legsígs, kviðslits og hjarta- og/eða kransæðamyndatöku. Hins vegar hefur hlutfall þeirra aukist sem eru á bið- og vinnulista eftir brottnámi legs og aðgerð á augasteini.

Fjöldi einstaklinga sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir aðgerð er áberandi mestur fyrir skurðaðgerð á augasteini. Einstaklingum sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm heldur einnig áfram að fjölga.

Biðtími eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku að meðtöldum kransæðavíkkunum.

Frá því í október í fyrra hefur þeim fækkað sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði vegna **hjarta - og/eða kransæðamyndatöku** (kransæðavíkkunar meðtaldar). Þeir eru nú 96 en voru 123 í október sl. Þeim hefur hins vegar fjölgað frá sama tíma fyrir ári, en þá biðu 53 eftir slíkri aðgerð. Á sama tíma árið 2011 voru einungis fimm einstaklingar á biðlistanum. Almennt virðast hafa verið árstíðabundnar sveiflur í fjölda einstaklinga á biðlistanum, með hápunkti í október. Áætlaður biðtími nú er 7 vikur eins og í október sl. Alls voru 1.695 aðgerðir framkvæmdar á árinu 2013, sem er rúmlega 3% fjölgun aðgerða frá fyrra ári, en rúmlega 5% fækkun frá árinu 2011 (1.787). Hafa þeir huga að einstaklingar sem þurfa bráðameðferð fara ekki á biðlistann.

Aðgerðir vegna gerviliðs í mjöðm og hné

Einstaklingum sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir **gerviliðaaðgerð á mjöðm** hefur fjölgað lítillega, eða um tæp 3% frá því í október 2013 (mynd 3). Fjöldi á biðlista hefur sjaldan verið meiri, en nú eru 235 einstaklingar á biðlistanum borið saman við 229 í október sl. Tæplega helmingi færri biðu (135) á sama tíma fyrir ári. Áætlaður biðtími er áfram stytur á Landspítala, þar sem áætlaður biðtími er nú 28 vikur en var 14,3 vikur á sama tíma fyrir ári. Áfram er allt að árs bið á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, þar sem áætlaður biðtími er 52–60

vikur. Áætlaður biðtími á Sjúkrahúsinu á Akureyri liggur ekki fyrir. Gerviliðaaðgerðir á mjöðm voru alls 595 árið 2013, sem er álíka fjöldi og árið áður, en þá voru 596 aðgerðir framkvæmdar.


Einstaklingum sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir **gerviliðaaðgerð á hné** hefur fækkað um tæplega 10% frá því í október sl. (mynd 3). Nú eru 406 einstaklingar sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir slíkri aðgerð, en voru 450 í október í fyrra. Þeim hefur hins vegar fjölgað um tæplega helming frá sama tíma fyrir ári, en þá voru þeir 272. Áætlaður biðtími eftir aðgerð er nú 73 vikur á Landspítala, en í október 2013 var áætluð bið þar 88 vikur. Biðtíminn er óbreyttur hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, 52–60 vikur. Áætlaður biðtími á Sjúkrahúsinu á Akureyri liggur ekki fyrir. Heildarfjöldi gerviliðaaðgerða á hné á landinu öllu var 421 árið 2013, sem er tæplega 13% fækkun aðgerða frá fyrra ári.

Aðgerðir á augasteini


Biðlisti eftir **skurðaðgerð á augasteini** lengist enn (mynd 4). Nú eru 1.593 einstaklingar á biðlista sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir slíkri aðgerð, samanborið við 1.452 í október 2013. Á sama tíma fyrir ári voru 1.218 einstaklingar á biðlistanum og 710 í febrúar 2012. Þetta er rúmlega 30% aukning frá því á sama tíma á fyrra ári og rúmlega tvöföldun frá 2011. Áætlaður biðtími eftir aðgerð á augasteini er svipaður milli ára. Hann er áfram stytur á Sjúkrahúsinu á Akureyri þar sem hann er nú áætlaður 20–24 vikur. Á Landspítala er biðtíminn 51 vika, 60–68 vikur hjá Lasersjón og 70–75 vikur hjá Sjónlagi. Heildarfjöldi aðgerða á augasteini var 1.819 árið 2013, sem er tæplega 7% fjölgun aðgerða frá fyrra ári. Aðgerðum hefur hins vegar fækkað um rúmlega 30% frá árinu 2010.

Aðgerðir vegna legnáms

Fjöldi kvenna sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir **legnámsaðgerð** er svipaður og í október í fyrra. Nú eru 104 konur á biðlistanum, en þær voru 107 í október sl. og 45 á sama tíma fyrir ári. Áætlaður biðtími eftir aðgerð hefur lítið breyst og er nú 23 vikur á Landspítala en var 26 vikur í október sl. og 15,2 vikur á sama tíma fyrir ári. Áætlaður biðtími á



Mynd 2. Fjöldi karla og kvenna sem beðið hafa lengur en 3 mánuði eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkkunar meðtaldar) frá okt. 2010–feb. 2014.




Mynd 3. Fjöldi einstaklinga sem beðið hafa lengur en 3 mánuði eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm og hné frá okt. 2010–feb. 2014.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands er 2–5 vikur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaðan biðtíma á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Heildarfjöldi legnámsaðgerða árið 2013 var 455, sem er 6% fækkun aðgerða frá fyrra ári. Aðgerðum hefur fækkað lítillega á öllum stofnununum.

Aðgerðir vegna legsigs

Konum sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir **aðgerð vegna legsigs** hefur fækkað lítillega, eða um rúmlega 11% frá því í október 2013. Nú eru 234 konur á biðlistanum, en þær voru 264 í október sl. og 218 á sama tíma fyrir ári. Áætlaður biðtími á Landspítala, þar sem flestar aðgerðirnar eru framkvæmdar, hefur styst um fjórar vikur og er nú 44 vikur, en var 48 vikur í október sl. Áætlaður biðtími var meira en ár (61,6 vikur) á sama tíma fyrir ári.



Mynd 4. Fjöldi kvenna og karla sem beðið hafa lengur en 3 mánuði eftir aðgerð á augasteini frá okt. 2010–feb. 2014.

Áætlaður biðtími á Heilbrigðisstofnun Vesturlands hefur hins vegar haldist stöðugur í gegnum árin, 3–6 vikur og er nú 2–5 vikur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaðan biðtíma á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Heildarfjöldi aðgerða vegna legsigs árið 2013 var 595 sem er tæplega 25% fjölgun aðgerða frá fyrra ári. Aðgerðum fjölgaði á öllum stofnununum.

Aðgerðir vegna gallsteina

Einstaklingum sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði eftir **gallsteinaaðgerð** hefur fækkað um 11 miðað við stöðuna í október 2013. Nú eru 45 á biðlistanum, en voru 56 í október sl. Hins vegar hefur fjölgað á biðlista frá sama tíma fyrir ári, en þá biðu 25. Áætlaður biðtími eftir aðgerð hefur styst lítillega á Landspítala, er nú 10 vikur en var 12 vikur í október í fyrra. Áætlaður biðtími er 2–4 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands en liggur ekki fyrir á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Alls voru 709 aðgerðir framkvæmdar á árinu 2013, sem er örliðil fjölgun frá fyrra ári (2,5%). Aðgerðum fækkaði lítillega á Landspítala en fjölgaði hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Langflestar aðgerðanna voru framkvæmdar á Landspítala (502).

Aðrar aðgerðir

Tveir einstaklingar eru á biðlistanum eftir kransæðaaðgerð og brjóstnámi. Þrír eru á biðlistanum vegna aðgerðar á hjartalokum. Enginn er á biðlista eftir brjósklosaðgerð né vegna steinbrjótsaðgerða eða aðgerða vegna nýrnasteina og steina í nýrnaleiðurum. Sjö karlar eru á biðlistanum eftir skurðaðgerð á blöðruhálskirtli.

Heildaryfirlit yfir stöðu á biðlistum er að finna á síðunni [Biðlistar - tölur](#) á vefsetri Embættis landlæknis. Embættið mun halda áfram að fylgjast með þróun þessara mála.

G. Auður Harðardóttir
Laura Scheving Thorsteinsson